# Forsætisráðherra, innlend málefni 1970, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Árni Snævarr – Árni Ketilbjarnar – ættartala rakin frá Ólafi hvíta herkonungs í Dyflilni – Einar Ágústsson – Gunnar Möller – Suram (?) – Jón G. Zoëga, ritstjóri – Magni Guðmundsson – Arnþóra og Hrönn – Irene og Grettir Eggertsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-38, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**



BESSASTAÐIR

# S Í M S K E Y T I

FRÁ Akureyri NR. 129 11 ORÐ 17/5 1970 KL. 17

Bjarni Benediktsson
Háuhlíð 14
Reykjavík.

Niður með þig og kapitalismann, lifi frjálst Ísland.

Arnþóra, Hrönn,
Akureyri.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. apríl 1970

Kæri formaður!

Ég skrifa þessar línur til þín, þar sem ég er á förum til Brussels fram yfir helgi og hef ekki haft tíma til að ganga á þinn fund.

Ég þakka f.h. okkar hjóna gott boð s.l. föstudagskvöld. Leiðindaatvik í lok hófsins er að mínu leyti gleymt og grafið.

Erindi bréfs þessa er húsnæðismála-frumvarpið. Af gefnu tilefni vildi ég upplýsa, að á s.l. hausti var ég ekki boðaður fyrr en á 16. þingflokksfund en síðan hef ég mætt á 11 af 22 fundum. Á því tímabili mun húsn.mál.frv. hafa borið á góma alls þrisvar (11, 18 ~~og~~ marz og 8. apríl) og var ég ekki viðstaddur þá fundi.

En því skiljanleg mótmæli mín gegn ásökunum um, að ég hafi þagað um skoðanir mínar – og komi aftan að flokknum.

Til að fyrirbyggja enn frekari misskilning vil ég með bréfi þessu ítreka andstöðu mína gegn lífeyrissjóðsákv., svo og flutningi málsins í heild á þessum tíma.

Ég hef heldur ekki stöðvað væntanleg skrif ungra Sjálfstæðismanna um málið nú í vikunni, en vildi gera

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þér aðvart þar um.

Auk þess, sem ég held að mál þetta sé ~~ill~~ illa unnið, og raunar alls ekki í samráði við ýmsa okkar manna á þessum vettvangi, (á ég þá einkum við unga áhuga-sama Sj.menn um húsnæðismál) er það sannfæring mín að málið mælist óskaplega illa fyrir hjá öllum þorra Sjálfstæðismanna. Má þá vera að þeir taki ekki afstöðu gegn málinu í heild en staðreyndin engu að síður sú, að sam-þykkt frumvarpsins ~~...~~ í óbreyttu formi mun hafa stórkostleg neikvæð áhrif í komandi kosningum.

Þjóðnýting – eða ekki – menn hafa það á tilfinningunni að við séum orðnir of eftirgefanlegir við Alþ.flokk –

Án efa eru þér þessar staðreyndir ljósar, en máske ekki sem skyldi vegna linkunnar í þingflokknum, og vildi ég það sem form. SUS og einlægur stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins, mega treysta því, að þú beitir áhrifum þínum og valdi til að stöðva þetta vand-ræðamál

Með vinarkveðju

Ellert B. Schram

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 25 júní 1970

Kæri Vinur,

Ég þakka þér innilega kærkomið en óvænt bréf þitt, sem gladdi mig mjög mikið. Sannleikurinn er sá, að ég dauðsá eftir að hafa fljótfærnislega ónáðað þig með ættarskrá þessari er ég sendi þér, því sjálfsagt hefur þú þekkt miklu betur en ég allt efni þessa rits, sem skrifað var í flýti og án þess að hreinskrifað væri, en vegna kurteisi þinnar og drengskapar í þessu efni, sem og öðru, er ég þér mjög þakklátur.

Ég var svo heppinn að hafa þekkt Petur bróðir þinn nokkuð, og reyndist hann mér mjög vel og gerði mér nokkrum sinnum mikinn greiða, sem ég var honum þakklátur fyrir, enda var hann sannur höfðingi og heiðursmaður, sem mikið eftirsjá varð, enda saknað af fjölda fólks, sem kunni að mete

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hæfileika hans og gáfur, hreinskilni og mannkosti,

Endurtek að ég þakka þér kærlega kurteisi þína og umhyggju mér til handa,

Kveð ég þig svo doktor Bjarni Benediktsson með einlægri ósk um allt gott þér til handa og fjölskyldu þinni, og að ástkært föðurland okkar, njóti sem lengst forustuhæfileika þinna, landi voru og þjóð til blessunar.

Virðingarfyllst,

Sveinn Ketilbjarnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 Ólafur hvíti herkonúngur í Dyflinni á Irlandi, átti Auði Djupúðga Ketilsdóttir flatnefs Björnssonar hersis í Hringaríki.
Auður er talin merkust landnámskvenna á Islandi, og var hún kristin, eins og öll systkini hennar, nem-a Björn austræni. Helgi bjólan að Hofi á Kjalarnesi var annar bróðir hennar. Systur Auðar voru Þórunn hyrna kona Helga magra í Eyjafirði og Jórunn mannvitsbrekka, móðir Ketils fífiska landnámsmanns á Kirkjubæ á Síðu.
2 Þorsteinn rauði Skotakonúngur, féll fyrir þegnum sínum í Skotlandi.
3 Ólafur feilan Þorsteinsson landnámsmaður í Hvammi í Dölum, d. á 10 öld.
Kona Ólafs feilans var Álfdís bareyska Konalsdóttir Steinmóðssonar Ölviss. barnakarls. Börn þeirra voru Þórður gellir, Þóra átti Þorstein þorskabít Þórólfssonar Mostrarskeggs, Ingjaldur, Grani, Vigdís, Helga átti Gunnar Hlífarson, Þórdís átti Þórarinn Ragabróðir lögsögumaður Ólafsson.
4 Þórður gellir Ólafsson bóndi í Hvammi í Dölum, kom á fjórðúngaskiftum 963. Kona Hróðný Miðfjarðar-Skeggjadóttir Skinna-Bjarnarsonar landnámsmanns á Reykjum í Miðfirði Skeggjasonar.
5 Eyjólfur grái Þórðarsson í Otradal, var skírður gamall árið 1000.
Drap Gísla Súrsson að lokum.
6 Þorkell Eyjólfsson bóndi að Helgafelli, drukknaði á skírdag 7. apríl 1026 á Breiðafirði. Kona Guðrún Ósvífursdóttir frá Laugum í Sælíngsdal, og voru foreldrar hennar Ósvífur Helgasson bóndi að Laugum og kona hans Þórdís Þjóðólfsdóttir lága, og rekst ættin þannig, Helgi Óttarsson kona Niðbjörg Bjólansdóttir konungs í Skotlandi og Kaðlinar dóttir Göngu-Hrólfs. Guðrún Ósvífursdóttir er ein þeirra kvenna sem hæst ber í fornsögum okkar, og er hún grafin að Helgafelli, og vita menn nokkurnveginn með vissu hvar hún liggur, þar sem Helgafellsbændur hafa ávalt allt frá landnámstíð viðhaldið leiði hennar.
7 Gellir Þorkellsson á Helgafelli, d. 1073 að Hróarskeldu á Sjálandi.
Kona Valgerður Þorgilsdóttir á Reykhólum Arasonar Mássonar Atlasonar rauða Úlfssonar skjálgs landnámsmanns í Reykhólasveit Högnasonar.
8 Þorgils Gellisson á Helgafelli, drukknaði á Breiðafirði 1074.
Kona Jóreiður Hallsdóttir í Haukadal Þórarinssonar.
9 Húnbogi Þorgilsson goði að Skarði á Skarðströnd. Húnbogi bróðir Ara fróða. Kona Húnboga var Ingveldur Hauksdóttir Ketilssonar.
10 Snorri Húnbogason prestur og lögsögumaður á Skarði d. 1170.
Kona Ingveldur Atladóttir Tannasonar.
11 Narfi Snorrason prestur á Skarði d. 1202. Kona Guðrún Þórðardóttir Oddleifssonar Þórðarsonar krákunefs Þorvaldssonar örvhandar Þorkelssonar auðga alviðrukappa Þórðarssonar landnámsmanns í Alviðru í Dýrafirði Víkingssonar Haraldssonar hárfagra.
12 Skarðs-Snorri Narfason prestur á Skarði d. 13 sept 1260. Kona Sæunn Jónsdóttir Brandssonar.
13 Narfi Snorrason prestur á Skarði d. 1284. Fékk leyfi erkibiskups til að halda konu sinni eftir að prestum var skipað að skilja við konur sínar. Kona Valgerður Ketilsdóttir Þorlákssonar prests og lögsögumanns á Kolbeinstöðum d. 1262, og var kona Ketils, Halldóra Þorvaldsdóttir frá Hruna. (systir Gissurar jarls). Gissurarsonar lögsögumanns d. 1206, Hallssonar prests í Haukadal d. 1150, Teitssonar prests í Haukadal d 1110

Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísleifssonar fyrsta biskups í Skálholti d.1080,Gissurarsonar hins hvíta á Mosfelli í Grímsnesi Teitssonar Ketilbjarnarsonar hins gamla landnámsmanns að Mosfelli í Grímsnesi Ketilssonar.

14 -Snorri Narfason lögmaður á [redacted] Skarði d.9 marz 1332.Kona Þóra Ormsdóttir Gíslasonar í Mörk.

15 Ormur Snorrason lögmaður og hirðstjóri á Skarði,Skarðströnd. Hans er getið í Grundarbardaga 1362, og er það furðulegt,að hann skyldi leggja lag sitt við misindismennina Smið Andrésson hirðstjóra á Bessastöðum og Jón lögmannsskráveifu Guttormssonar á Kolbeinsstöðum á Snæfellsnesi er báðir létu lífið,þá er norðlenzku höfðingarnir komu til veizlunnar á Grund,sem Helga húsfreyja hélt þessum illa þokkuðu framámönnum. Kona Orms lögmanns var Ólöf Jónsdóttir hvamms Sveinssonar. Ormur lögmaður dó í svarta-dauða 1402.

16 Guttormur Ormsson bóndi í Þykkvaskógi í Dölum.Var hann úngur að árum veginn við veiðiskap í Miðá,26 maí 1381af Þorsteini Jónssyni. Kona Guttorms var Soffía Eiríksdóttir Magnússonar á Möðruvöllum og Svalbarði d.1381,[redacted] Kona Eiríks var Ingiríður Loftsdóttir á Möðruvöllum d.1355 Þórðarsonar riddara Hallssonar.

17 Loftur ríki Guttormsson riddari og hirðstjóri á Möðruvöllum,f.um 1382, d.í September 1432.Hann var mesta skáld sinnar samtíðar.Skjaldarmerki hans var Fálki með höggorm í merkinu.Kona Ingibjörg Pálsdóttir á Eiðum Þorvarðarsonar.Þá átti hann börn með Kristínu Oddsdóttir lögmanns lepps Þórðarsonar, og til hennar orti hann kvæði " Háttalykil hinn skemmri".
Börn Lofts ríka voru með konu hans Ingibjörgu þessi, Þorvarður bóndi á Möðruvöllum, Ólöf ríka á Skarði,Eiríkur slógnefur á Grund og Soffía átti Árna Þorleifsson í Fagradal.
Með hjákonu sinni Kristínu Oddsdóttir,átti hann þessi Skúli,Ormur hirðstjóri,Sumarliði og Ólafur sem hann átti með systir Þorsteins lögmanns Ólafssonar.
Kristín Oddsdóttir átti síðar Höskuld Runólfsson.

18 Ólöf Loftsdóttir ríka á Skarði,Skarðströnd d.1479,átti Björn Þorleifsson riddara og hirðstjóra á Skarði, og var hann af hinum allra göfugustu ættum landsins,voru foreldrar hans Þorleifur sýslumaður að Auðbrekku og Vatnsfirði Árnason,Einarssonar prests aðBreiðabólsstað í Vesturhópi Hafliðasonar,prests Steinssonar,og Kristínar Björnsdóttir riddara og Jórsalafara Einarssonar í Vatnsfirði og konu hans Sólveigar Þorsteinsdóttir lögmanns Eyjólfssonar, en móðir Björns Jórsalafara var hin göfuga Grundar-Helga Jónsdóttir lögmanns Björnssonar,riddara á Grund [redacted] Loftssonar,riddara Hálfdánarson á Keldum Sæmundssonar,og var kona Hálfdáns riddara Steinvör Sighvatsdóttir Sturlusonar,ættir Sturlunga og Oddaverja. Björn hirðstjóri var stórauðugur og mikilsvirtur höfðingi,og í miklu áliti hjá Danakonúngi. Björn hirðstjóri var veginn af Englendíngum að Rifi 1467,þá er hann var að gegna skyldu sinni sem umboðsmaður Danakonúngs.
Börn þessara göfugu aðalshjóna voru,Þorleifur hirðstjóri á Reykhólum, Sólveig bjó fyrst á eignarjörð sinni Hóli í Bolúngarvík og átti þar nokkur börn með ráðsmanni sínum Jóni Þorlákssyni lista skrifara,en fékk ekki að eiga hann vegna fátæktar Jóns,og var sótt af bróður sínum Þorleifi hirðstjóra og flutt á eignarjörð sína höfuðbólið Skarð —

Þinn einlægur
Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skarðströnd,og gift Páli Jónssyni sýslumanni Dalamanna,voru foreldrar hans Jón sýslumaður Ásgeirsson í Ögri og kona hans Kristín Guðnadóttir Oddsonar lögmanns lepps.
Páll sýslumaður var veginn á Öndverðareyri 1496, af Eiríki á Alptanesi Halldórssyni ábóta Ormssonar, og er orðlögð framganga hans,enda var hann afarmenni og mesta höfuðkempa.
Börn þeirra voru Þorleifur lögmaður,Jón og Erlendur,dóu úngir.
19 Þorleifur hirðstjóri Björnsson á Reykhólum d.1486,komst snemma til mikilla frama,hafði úngur staðarforráð í Hruna,var handtekinn af Englendíngum og leystur út með miklu fé sem móðir hans Ólöf ríka varð að greiða Englendíngum,sem vegið höfðu mann hennar Björn ríka að Rifi á Snæfellsnesi sem fyrr segir.Fékk hirðstjórn 1481,um 3 ár,en hélt ýmsar sýslur. Var hann stórbrotinn maður og yfirgangssamur.
Stóð fyrir Oddgeirshólareið 1473.Hafði Páfaleyfi til hjúskapar við Ingveldi Helgadóttir lögmanns Guðnasonar vegna fjórmenníngsmeina,og átti í deilum við Skálholtsbiskup útaf þessum málum.
Börn þeirra voru,Björn á Reykhólum,Helga átti Eyjólf mókoll Gíslason í Haga,Jarþrúður átti Guðmund á Felli i Kollafirði Andrésson,Guðný átti Grím lögmann Jónsson á Ökrum,Kristín átti Eirík á Alptanesi Halldórsson Ormssonar ábóta,Þorsteinn.
20 Jarþrúður Þorleifsdóttir frá Reykhólum átti Guðmund Andrésson sýslumann að Felli í Kollafirði d.eftir 1522,voru foreldrar hans Andrés Guðmundsson ríka Arasonar sýslumanns að Reykhólum,en kona Andrésar var Þorbjörg Ólafsdóttir tóna ýngri Geirmundssonar að Rauðamel,af hinni gömlu Skarðsætt og ætt herra Árna Ólafssonar Skálholtsbiskups.Guðmundur mikilmenni sem þeir frændur voru,og hafði sýsluvöld í Strandasýslu.
Börn þeirra Þrúðar og Guðmundar voru,Þorleifur að Stóraskógi,séra Ólafur í Hjarðarholti,Eiríkur í Ásgarði,Þorsteinn á Grund,Ormur,Ólöf átti Ívar sýslumann í Fagradal Narfasonar,laundóttir Guðmundar fk.Bjarna Sumarliðasonar að Fellsenda.
21 Þorleifur Guðmundsson í Stóraskógi,Dalasýslu,drukknaði að Rifi á Snæfellsnesi 1536,átti Ingibjörgu Jónsdóttir Erlíngssonar,meðal barna þeirra var Guðmundur í Stóraskógi.
22 Guðmundur Þorleifsson í Stóraskógi d.fyrir 1600,átti Sigríði Ólafsdóttir prests Magnússonar á Stað,Reykjanesi,Helgasonar Ólafssonar sýslumanns Loftssonar riddara Guttormssonar á Skarði og Möðruvöllum.
23 Þóra Guðmundsdóttir frá Stóraskógi,átti séra Þórð Brandsson í Hjarðarholti d.1620.Séra Þórður var sonur Moldar-Brands sýslumanns á Snorrastöðum og síðar í Hítarnesi,Einarssonar prests Snorrasonar Ölduhryggjarskálds og konu hans Ingiríðar Jónsdóttir systir herra Stefáns Jónssonar Skálholtsbiskups.Börn séra Þórðar og Þóru Guðmundsdóttir voru, Pétur á Fellsenda,Brandur,Björn,Sigríður átti séra Brynjólf Bjarnason í Hjarðarholti,Ingibjörg átti Svein Ólafsson á Bæjum.
24 Björn Þórðarson frá Hjarðarholti,átti Oddnýju Sigurðardóttir.
25 Sigurður Björnsson,átti Þórkötlu Þórðardóttir Ólafssonar í Keflavík, Snæfellsk ætt.
26 Helga Sigurðardóttir,átti Vigfús Árnason sýslumann í Bjarnarhöfn d.1727, Foreldrar hans voru Árni bóndi Vigfússon á Heydalsá,Helgasonar prests að Hellnum og Málfríðar Torfadóttir Gíslasonar Björnssonar.

Þinni einlægur
Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Börn Helgu og Vigfúsar sýslumanns voru,Guðmundur,Arni,Málfríður kona séra Guðmundar á Helgafellliog Sigurður sýslumaður í Stóraskógi.
27 Sigurður Vigfússon rektor Hólaskóla í 18 ár,á dögum herra Steins Jónssonar Hólabiskups,og bjó þá Sigurður rektor að Gröf á Höfðaströnd. Sigurður lauk prófi við Kaupmannahafnarháskóla, á ég þá við að hann lauk guðfræðiprófi,enda hefði hann ekki fengið rektors embættið að Hólum ef svo hefði ekki verið.Sigurður Vigfússon barðist vasklega fyrir vörnum Kaupmannahafnar,þá er Svíar réðust á borgina,og létu Danir hann njóta þess síðar.A námsárum sínum við Kaupmannahafnarháskóla var hann nefndur "Sigurður Islandströll",enda var hann hið mesta heljarmenni að burðum og talinn sterkasti maður á Islandi á sinni tíð. Eftir komu Harboes til landsins,var talið heppilegra að Sigurður [redacted] hætti rektorsstörfum við Hólaskóla,og var honum veitt sýslumanns-embættið í Dalasýslu,og fluttist hann þá að Stóra-Skógi í Dölum og bjó þar til dauðadags.
Kona Sigurðar syslumanns var Karitas Guðmundsdóttir prests Jónssonar að Helgafelli,var séra Guðmundur tvígiftur,fyrri kona [redacted] Þórkatla Þórðardóttir sýslumanns Steindórssonar á Ingjaldshóli og var Karitas dóttir hennar. Seinni kona séra Guðmundar var Málfríður sem fyr segir. Sigurður sýslumaður orðlagt góðmenni,og hinn vænsti maður í alla staði.Sigurður dáinn 1752 og grafinn að Kvennabrekku í Dalasýslu.
28 Þórkatla Sigurðardóttir í Stóra-Skógi d.1807,átti Þorbjörn ríka Olafsson gullsmið að Lundum í Stafholtstúngum,Jónssonar himnasmiðs. Sagt var að Þórkatla væri lítil búkona og hefur Þorbirni ekki líkað vel,því hann var mikill búforkur og fjáraflamaður hinn mesti.
Börn þeirra voru,Torfi í Kolviðarnesi,Karitas kona séra Guðlaugs Sveinbjarnarsonar í Hvammi,Norðurárdal,séra Sigurður aðstoðarprestur í Vatnsfirði og Olafur hreppstjóri að Lundum.
29 Olafur Þorbjarnarson hreppstjóri að Lundum d.1834,átti Ragnhildi Hinriksdóttir frá Reykjum í Túngusveit Eiríkssonar og Ragnhildar Aradóttir prests Þorleifssonar.
30 Olafur Olafsson hreppstjóri að Lundum d.1861,átti Ragnhildi Olafsdóttir frá Bakkakoti í Bæjarsveit Sigurðssonar,og Oddnýjar Eleasardóttir.
31 Ragnhildur Olafsdóttir frá Lundum,átti Pétur Kristinsson í Engey Magnússonar.
32 Guðrún Pétursdóttir frá Engey,átti Benedikt Sveinsson Alþingisforseta
33 Bjarni Benediktsson forsætisráðherra.

Reykjavík 28 Maí1970

Er oft að leika mér við grusk í ættfræði,og sendi þér þetta fljótfærnislega rit um ætt þína.Hef því miður ekki tima til þess að hreinskrifa og lagfæra,sem þó þyrfti.

Virðingarfyllst,
Arni Ketilbjarnar

Arni Ketilbjarnar

Vona að þú takir þetta ekki illa upp, að ég sendi þér

... einlægur
Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Árni Ketilbjarnar,
Framnesvegi 21,
REYKJAVÍK.

FORSÆTISRÁÐHERRA

Reykjavík 15. júní '70.

Heiðraði vinur!

Mér þótti mjög vænt um ættartöluna, sem þú sendir mér. Eitthvað af henni var mér kunnugt áður, en svo heillega rakningu ættar til landnámsmanna hefi ég ekki fyrr haft undir höndum. Ég þakka þér verkið en einkum góðvild þá og vinarhug, sem í því lýsir sér.

Með beztu kveðjum
þinn einlægur
Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FORSÆTISRÁÐHERRA

6. mars 1970.

Góði vinur!

Það gladdi mig mjög að sjá, hversu þú varst orðinn hress við þingsetninguna, ef það er rétta orðið, á dögunum. Mér þótti innilega vænt um að fá bréfið frá þér og er nú fyrst orðinn svo hress, að ég legg í að skrifa þakkarbréf. E.t.v. hefur þú gaman af að sjá í hvert ævintýri bréf þitt komst á leið sinni. Ég sendi þess merki af umslaginu með.

Með óskum um allt gott ykkur hjónum til handa. Þinn einl. Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Til: forsætisráðherra dr. Bjarna Benediktssonar
Frá: Árna Snævarr, iðnaðarráðuneytinu.

Orðsending

Varðar: Bréf Hauks Sævaldssonar, dags. 22.5. 1970.

Ég hefi ekki aðrar athugasemdir við nefnt bréf að gera en nú greinir:

1. Óski verkfræðingurinn þess, að málaleitan hans verði tekin til endurskoðunar, tel ég rétt, að hann snúi sér persónulega til þess ráðherra, er um málið skal fjalla, þ.e. iðnaðarráðherra.

2. Ef verkfræðingurinn telur rétt, að endurnýja umsókn sína um styrk, verður að teljast sjálfsagt, að hann tilgreini þá styrkupphæð, er hann hyggst sækja um.

Reykjavík 25. mai 1970.

Árni Snævarr

Spurningin er um Unido. Er von um styrk þaðan í peningum eða láta þeir einungis menn? Óviðeigandi að rn. skrifi á þann veg, sem í 1) segir, því að forsrh. hefur fullan rétt til upplýsinga um hvað eina, sem hann lætur sig varða. 26/5 '70. BjBen

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á Þorra 1970.

Virðulegu áskrifendur,

Úlfljótur, blað laganema, hefur verið gefið út í 22 ár, og er 23. starfsárið nú að hefjast. Eins og yður er kunnugt, byggist útgáfa blaðsins á sjálfboðastarfi laganema og óeigingjarnri aðstoð lögfræðinga.

Íslenzk lagarit hafa ætíð verið af skornum skammti, en Úlfljótur stefnir að því, nú sem áður, að bæta úr þeim skorti að einhverju leyti, m.a. með því að fá innlenda fræðimenn til að reifa ýmis merkileg lögfræðileg málefni. Til að ná þessu markmiði sómasamlega, hefur blaðsíðnafjöldi Úlfljóts verið aukinn um helming á síðustu árum, sem hefur haft stóraukinn kostnað í för með sér. Til þess að blaðið verði gefið út áfram með þeim stórhug, sem einkennt hefur útgáfu þess undanfarið, gerir ritstjórn blaðsins sér það ljóst, að utan að komandi aðstoð sé nauðsynleg.

Ritstjórn blaðsins ætlar þess vegna að beita sér fyrir stofnun styrktarfélags úr hópi lögfræðinga, til eflingar Úlfljóti og Orator. Árlegt framlag styrktarfélaga yrði kr. 1000,-, og fengju þeir þá Úlfljót og önnur rit Orators án endurgjalds.

Það er einlæg von okkar að þér íhugið vel þetta hagsmunamál laganema, og bregðizt vel við, er haft verður samband við yður á næstunni.

Virðingarfyllst,

f.h. ritstjórnar Úlfljóts,

Jón G. Zoëga
ritstjóri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magni Guðmundsson

PÓSTHÓLF 542
REYKJAVÍK

Laugard. 24. jan.
1970.

Hr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra,
Háuhlíð 14, Reykjavík.

Eg þakka yður bréf, dagsett 12. þ. m., sem skýrir afstöðu yðar til kjördæmaskipunar - miklum mun betur en áðurnefndur dálkur i Morgunblaðinu. Aðalatriðið er, að þér aðhyllist kerfi einmenningakjördæma, og það tel ég góð tíðindi.

Varðandi korniðjuver, sem þér minnist á í bréfinu, þá getið þér vissulega ýtt á eftir. Í því máli hefir staðið á okkur Íslendingum, ekki Kanadamönnum. Vík ég frekar að þessu í sérstöku bréfi, sem verður póstlagt eftir helgi.

Með vinsemd og virðingu,

Magni Guðmundsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar Ágústsson

Landspítala 6. febr. 1970.

Kæri forsætisráðherra.

Úr rúmi mínu hér á Landspítala sendi ég þér og við hjónin innilegar óskir um bráðan bata ásamt þökkum fyrir samúðarkveðjur.

Enda þótt þér sé sjálfsagt ljóst, að ég hef ekki verið meðal einlægustu aðdáenda viðreisnarstefnunnar svonefndu, þá geri ég mér engu að síður grein fyrir því að framkvæmd hennar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mun þó verr takast sem

þú verður lengur frá vinnu
vegna veikinda.

Þess vegna: Bráðan bata og
beztu kveðjur!

Virðingarfyllst,

Einar Ágústsson
alþm.

P.S. Fyrirgefðu klórið, en
höndin er ennþá ekki
rétt vel styrk.
E.Á.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




BORGARNES
-9. II. 1970

REYKJ
-6. II.
-5-

Herra forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson

A-5 Borgarspítalanum.

Reykjavík

EINAR ÁGÚSTSSON

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

To wish you
a Happy
Holiday Season

Irene and Grettir Eggertson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar J. Möller 24/3 '70

Kæri Bjarni Benediktsson!

Okkur Guðjón Hansen hefir mjög langað til að hafa tal af þér um Tryggingastofnunina, en ég var að frétta, að þú hefðir ekki til þessa sinnt öðrum störfum en að sitja ráðherrafundi, svo að við skiljum að á því hafi verið erfiðleikar.

Okkur langar þó að gera grein fyrir því í örfáum punktum, sem okkur er í huga:

1) Hvorugan okkar langar til að taka við starfi forstjóra Trst. rík. Verkefnið er ófýsilegt, m.a. vegna þess, hve starfslið í efri gráðunum er gallað. Kjörin eru heldur ekki freistandi.

2) Á hinn bóginn mætti halda því fram, að ekki væri með öllu vanzalaust, að ekki sækti annar hvor okkar. - Báðir mundum við ekki sækja, samvinna okkar er betri en svo, og hvor um sig mundi líklega heldur vilja að hinn gerði það.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur